



Reykjavík, 5. febrúar 2019
SFS2016020039
153. fundur
HG/shj

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Yfirlit yfir starfshópa á vegum Ráðhúss sem skóla- og frístundasvið á fulltrúa í

Eftirfarandi er yfirlit yfir starfshópa á vegum borgarstjóra, borgarritara og starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar sem fulltrúar skóla- og frístundasviðs eiga sæti í. Þessir starfshópar hafa verið settir af stað árin 2018 og 2019 og starfa enn.

Heiti starfshóps	Hlutverk starfshóps
Starfshópur um ímynd Reykjavíkurborgar sem vinnustaðar.	Að gera tillögur að sameiginlegu útliti fyrir allt útgefið efni er snýr að mannauðsmálum og vinna tímasetta aðgerðaráætlun til að styrkja ímynd Reykjavíkurborgar sem eftirsóknarverðs vinnustaðar.
Ráðgjafahópur um innleiðingu kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar hjá Reykjavíkurborg.	Að samhæfa framkvæmdina og vera ráðgefandi gagnvart stýrihópi um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunaragerð (KFS). Ráðgjafarhópurinn er jafnframt tengiliður milli stýrihóps og starfshópa á fagsviðum og miðlægri stjórnsýslu.
Starfshópur um innleiðingu hugbúnaðar fyrir stjórnendaupplýsingar	Utanumhald með uppsetningu og innleiðingu Qlick hugbúnaðar fyrir stjórnendaupplýsingar hjá Reykjavíkurborg í samræmi við niðurstöðu samkeppnisviðræðna.
Starfshópur um rafræna langtímavarðveislu skjala hjá Reykjavíkurborg	Undirbúa og innleiða rafræna langtímavarðveislu skjala hjá Reykjavíkurborg.

Starfshópur um öryggi persónuupplýsinga í stjórnarsýslu í Reykjavíkurborg	Að hafa yfirumsjón með rýmingu á hinu nýja regluverki og gera tillögur að aðgerðum Reykjavíkurborgar til þess að mæta auknum kröfum sem gerðar eru með tilkomu þess.
Öryggisnefnd Reykjavíkurborgar	Að fylgja eftir ákvæðum vinnuverndarlaga og tryggja að fyrirmælum innri og ytri eftirlitsaðila sé fylgt hjá Reykjavíkurborg.
Stýrihópur um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030	Ber ábyrgð á vinnu við mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Markmið vinnunnar er að ná breiðri samstöðu um mikilvægustu markmið, brýnustu úrbætur og aðgerðir í menntamálum borgarinnar, með áherslu á hag barna og ungmenna í skólasamfélaginu.
Stýrihópur um 2. áfanga tilraunaverkefni um styttingu vinnudags án launaskerðingar	Að útfæra tilraunaverkefni um styttingu vinnudags án launaskerðingar. Kanna áhrif styttingu vinnudags á heilsu, vellíðan, starfsanda og þjónustu með tilliti til gæða og hagkvæmni.
Starfshópur um skjalastjórn og undirbúning rafræna skjalastjórnunar hjá Reykjavíkurborg	Tryggja að skjalastjórn sé í samræmi við skjalastefnu Reykjavíkurborgar og undirbúa innleiðingu á rafrænni skjalastjórn.
Stýrihópur um uppbyggingu leikskóla	Hlutverk stýrihóps um uppbyggingu leikskóla til ársins 2023 er að fylgja eftir framsettum hugmyndum, vakta vel framkvæmdir og tryggja að áætlanir standist bæði tímalínur og kostnað ásamt því að vinna tillögur um endurskoðun áætlana þegar og ef forsendur breytast.